

Fundargerð

Fundur réttarfarsnefndar 5. desember 2023.

Frásögn af fundi:

Þriðjudaginn 5. desember 2023 kl. 15:00 var haldinn fundur í réttarfarsnefnd í húsakynnum dómismálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík. Fundinn sóttu Ása Ólafsdóttir (ÁÓ) formaður, Aðalsteinn E. Jónasson (AEJ), Gizur Bergsteinsson (GB) og Kolbrún Benediktsdóttir (KB). Eiríkur Elís Þorláksson (EES) sat fundinn jafnframt í gegnum fjarfundabúnað. Þá sat fundinn Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP) lögfræðingur í dómismálaráðuneyti og ritaði jafnframt fundargerð.

ÁÓ setti fundinn.

Í upphafi voru samþykktar fundargerðir tveggja síðustu funda nefndarinnar, 3. október og 28. nóvember 2023.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál sem réttarfarsnefnd hefur tekið til meðferðar að beiðni dómismálaráðuneytisins.

- Fyrirkomulag dómskýrslna á rannsóknarstigi samkvæmt 59. gr. laga um meðferð sakamála.*
Skipulagður var næsti fundur réttarfarsnefndar 16. janúar 2024 þar sem fyrirhugað er að bjóða helstu hagaðilum á fund nefndarinnar.
- Málskostnaður við meðferð beiðna um áfrýjunarleyfi og við ómerkingu og heimvísun mála.*
Nefndarmenn lásu saman yfir drög að umsögn til ráðuneytisins og samþykktu hana. Ákveðið var að umsögnin yrði send ráðuneytinu í kjölfar fundarins.
- Meðferð kærumála fyrir Hæstarétti Íslands.*
Nefndarmenn lásu saman yfir drög að umsögn til ráðuneytisins og samþykktu hana. Ákveðið var að umsögnin yrði send ráðuneytinu í kjölfar fundarins.

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði kl. 14.00 hinn 16. janúar 2024 í húsakynnum dómismálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 17:00.

ÞHP.